Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1876
komudagur 16.4.2004

**Bláskógabyggð**
Aratungu – 801 – Selfoss – Kt. 510602-4120.
Sími: 486-8808 – Fax: 486-8709

Aratungu 14. apríl 2004.

**Nefndasvið Alþingis**
*B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur*
*nefndarritara alsherjarnefndar.*

***Varðar: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum***

Bláskógabyggð hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.
Eftirfarandi álit er gefið í samræmi við bókun sem gerð var á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 6. apríl 2004.

**Umsögn:**
Sveitarstjórn fagnar framkomnu frumvarpi og telur eðlilegt að hugað sé að stækkun hins friðhelga lands og tryggja þar með enn frekar varðveislu menningarminja og náttúru sem vart á sinn líka í heiminum.

Nokkur atriði ber þó að hafa í huga hvað varðar aðkomu Bláskógabyggðar að málinu.

Um þessar mundir er unnið að aðalskipulagi Þingvallasveitar, sem verður fyrsta aðalskipulag þessa mikilvæga svæðis. Í þeirri umræðu hefur verið horft til landslagsheilda fremur en eignarmarka við mat á verndargildi. Sveitarstjórn álítur að eðlilegt sé að ný þjóðgarðsmörk séu dregin í anda þeirrar hugmyndafræði.

Í bréfi sem sveitarstjórn afhenti Þingvallanefnd á fundi þann 29. janúar kemur m.a. eftirfarandi fram:

*"sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til þess að taka höndum saman við Þingvallanefnd um stækkun þjóðgarðsmarka í anda þeirrar stefnumótunar sem gerð var á vegum Þingvallanefndar árið 1988. Þá horfum við ekki síst til svæða austan og norðan núverandi þjóðgarðsmarka, sem eru án vafa hluti af þeirri ásýnd sem lög og fyrirhugaðar lagasetningar hafa að meginmarkmiði að vernda.*
*Þjóðgarður sem hefur innan sinna marka einstakar jarðmyndanir eins og Hrafnabjörg, Tindaskaga og jafnvel Skjaldbreið hljóta að vera umsókn um upptöku í heimsminjaskrá UNESCO til framdráttar"*

Í 6. gr frumvarpsins er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd semji reglur *"um meðferð spilliefna, frárennsli og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þ.m.t. Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins."*

Þetta er í samræmi við frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, sem Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, hyggst leggja fram á Alþingi, og hefur þegar kynnt fyrir sveitarstjórnum Bláskógabyggðar og Grímsnes-og Grafningshrepps.

**Í því frumvarpi er þjóðgarðurinn undanþeginn vatnsverndarákvæðinu.**

Í vinnu við gerð aðalskipulags Þingvallasveitar, sem er nú í vinnslu hjá Bláskógabyggð, hefur verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess haft mjög mikið vægi.

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að metnaðarfull áform heimamanna verði virt og að aðalskipulag Þingvallasveitar, unnið af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, verði viðurkennt sem stjórnsýslutæki á svæðinu.**

**Ef ekki verður tekið tillit til aðalskipulags svæðisins, er eðlilegt að vatnsverndun innan þjóðgarðsins, eins og öll önnur vatnsvernd innan vatnasviðsins, heyri undir umhverfisráðherra.**
**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að gera þurfi breytingar á 6. grein lagafrumvarpsins og leggur áherslu á að ekki sé með öðrum hætti hægt að móta heilsteypta verndarstefnu fyrir Þingvallasvæðið. Með óbreyttri 6. gr. er verið að taka frumkvæði og forræði af sveitarfélaginu.**
Það, að taka forræðið af sveitarfélaginu, er í andstöðu við áform ríkisvaldsins og Samtaka íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga.

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur eðlilegt að í lagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir aðild Bláskógabyggðar að Þingvallanefnd og gerir kröfu um að tekið sé tillit til þess í meðförum Alþingis á frumvarpinu.**
Þannig mætti koma í veg fyrir misskilning og mistúlkun milli aðila sem nauðsynlegt er að hafi náið og gott samstarf. Það er mat sveitarstjórnar, að með fulltrúa sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í Þingvallanefnd, yrði stjórnun á svæðinu skilvirkari í framtíðinni.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að koma á fund alsherjarnefndar og skýra afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frekar.

Virðingarfyllst.
F.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

ODDVITI BLÁSKÓGABYGGÐAR

Sveinn A. Sæland
oddviti

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1389
komudagur 16. 4. 2004

# FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Garðabæ, 16. apríl 2004
*Tilvísun: Fvr 2004040013/KHS/--*

Alþingi
Nefndasvið
bt. Allsherjarnefndar Alþingis
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík

**Erindi: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þskj.1326 – 868 mál.**

Fornleifavernd ríkisins hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þingskjal 1326 - 868 mál.

Fornleifavernd ríkisins telur þarft að endurskoða lög um friðun Þingvalla, nr. 59/1928 og gerir engar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ekkert fjallað um fornleifar eða fornleifavernd. Fornleifavernd ríkisins gerir ráð fyrir að það stafi af tilvist þjóðminjalaga nr. 107/2001, en þar er kveðið á um að Fornleifavernd ríkisins fari með stjórnsýslu fornleifa landsins.

Fornleifavernd ríkisins vill þó vekja athygli á nauðsyn þess að skýra tengsl Fornleifaverndar ríkisins og Þingvallanefndar eða fulltrúa hennar, og aðkomu stofnunarinnar að málefnum fornleifa innan þjóðgarðsins. En þau tengsl hafa frá upphafi verið óljós. Fornleifum á Þingvöllum er friðlýst í samræmi við þjóðminjalög (lög um verndum fornmenja frá 16. nóvember 1907). Leitað hefur verið til Fornleifaverndar ríkisins varandi leyfi til fornleifarannsókna og framkvæmda á svæðinu með hliðsjón af þjóðminjalögum nr. 107/2001. Slíkt verklag tíðkaðist einnig meðan þjóðminjavörður fór með stjórnsýslu fornleifa landsins.

Í 6. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd semji reglugerð um þjóðgarðinn, verndun hans og meðferð. Telja má eðlilegt að þar kæmu inn ákvæði um tengsl Fornleifaverndar ríkisins og stjórnsýsluaðila Þingvallanefndar. Samskiptin munu einnig væntanlega skýrast í stefnumörkunarvinnu varðandi þjóðgarðinn sem nú fer fram.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður

Lyngás 7, 210 Garðabæ. Sími: 555 6630. Bréfsími: 555 6631. Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1985*
*komudagur 20.4. 2004*

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
netfang: postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Bjarna Benediktssonar formanns
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. apríl 2004.
Tilvísun: FOR04030079/0011-8
KAS/--

Umhverfisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess (þskj. 1420, 943. mál). Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum gildi ákvæði laga um þjóðgarðinn. Með vísan til þessa þykir eðlilegt að auka við frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sem allsherjarnefnd hefur nú til meðferðar, svofelldu ákvæði um vatnsvernd innan þjóðgarðsins í nýrri grein, er komi á eftir 3. gr.:

4. gr.

Innan þjóðgarðsins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn þar, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.

Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

Þingvallanefnd er heimilt að setja sérstakar reglur til að framfylgja þessum ákvæðum um vatnsvernd innan þjóðgarðsins.

F. h. r.

Afrit sent umhverfisnefnd Alþingis.

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/2119
*komudagur* 26. 4. 2004

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
netfang: postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Bjarna Benediktssonar formanns
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2004.
Tilvísun: FOR04030079/0011-8
KAS/--

Varðar: **Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Með vísan til fram kominna óska um breytingar á skipan Þingvallanefndar leggur forsætisráðherra til að 2. gr. ofangreinds frumvarps verði breytt á þann hátt sem greinir í hjálagðri breytingartillögu. Breytingin komi þó ekki til framkvæmda fyrr en eftir næstu alþingiskosningar frekar en ráð var fyrir gert í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu.

Þá hefur ráðuneytið fjallað um umsagnir, sem allsherjarnefnd hafa borist, um frumvarpið og telur að bregðast megi við umsögn Fornleifaverndar ríkisins og sveitarstjórna um málið með því að mæla í reglugerð fyrir um samráð við þessa aðila. Á hinn bóginn telur ráðuneytið ekki ástæðu til að taka undir tillögu skipulagsstjóra um breytingu á 4. gr. frumvarpsins, enda ólíku saman að jafna forsendum fyrir stjórnskipulagi á Þingvöllum annars vegar og á Mývatnssvæðinu hins vegar.

F. h. r.

**Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Við 2. gr.

2. mgr. hljóði svo:

Alþingi skal í upphafi hvers þings kjósa sjö alþingismenn í Þingvallanefnd og jafnmarga til vara. Umboð þeirra varir þar til ný nefnd hefur verið kjörin. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Við ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvæðið bætist svohljóðandi málsliður:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal 2. mgr. 2. gr. laganna ekki öðlast gildi fyrr en eftir næstu alþingiskosningar.

Greinargerð.

Við fyrstu umræðu um frumvarpið komu fram óskir um að allir þingflokkar gætu átt fulltrúa í Þingvallanefnd. Í því skyni er hér gert ráð fyrir að nefndarmönnum verði fjölgað úr þremur í sjö, sem kosnir verða hlutfallskosningu á Alþingi, sbr. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, nema um annað semjist, sbr. jafnframt 2. mgr. 68. gr. laga nr. 55/1991. Í samræmi við 32. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er ennfremur lagt til að kosnir verði jafnmargir varamenn.

Þá er lagt til að kjörið verði í nefndina í upphafi hvers þings um leið og kosið er í fastanefndir þingsins. Fer vel á því að Þingvallanefnd sé skipaður sams konar sess og þeim.

Loks er lagt til að forsætisráðherra skipi formann og varaformann nefndarinnar úr hópi aðalmanna. Er það eðlilegt í ljósi tengsla nefndarinnar við það ráðuneyti. Sá sem forsætisráðherra skipar formann kveður nefndina síðan saman.

Þrátt fyrir framangreindar breytingar er áfram gert ráð fyrir að Þingvallanefnd sú er nú situr haldi umboði sínu út það tímabil sem hún var kjörin til eða fram yfir næstu alþingiskosningar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2162
komudagur 27.4.2004

**Fundur oddvita Bláskógabyggðar, oddvita Grímsnes-og Grafningshrepps og skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu með allsherjarnefnd Alþingis í tengslum við frumvarp til laga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum, 26.apríl 2004.**

# MINNISBLAÐ

Eins og sjá má á meðfylgjandi minnispunktum og áliti sveitarstjórnar Bláskógabyggðar fara sveitarstjórnir Bláskógabyggðar og Grímsnes-og Grafningshrepps fram á eftirfarandi breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi um Þjóðgarðinn á Þingvöllum:

1. **Að Bláskógabyggð fái beina aðild að Þingvallanefnd með breytingu á 2.gr.frumvarpsins.**
   Með því móti mætti tryggja náið samstarf alþingis og sveitarfélagsins og einfalda öll boðskipti um stjórn svæðisins og gera hana skilvirkari.

2. **Að þjóðgarðsmörkum þeim sem lýst er í 1.gr. verði breytt þannig að hið forna afréttaland Þingvallakirkju, þ.m.t. fjallið Skjaldbreiður, verði innan þjóðgarðs en að sá hluti Gjábakkalands sem gengur í geira suður í Karhraun verði utan markanna.**
   Með því móti yrði til stærri þjóðgarður og innan marka hans stórkostlegar náttúruminjar eins og elddyngjan Skjalbreiður og hraunflóðin frá honum, móbergshryggurinn Tindaskagi og móbergstapinn Hrafnabjörg. En utan markanna yrði það vegstæði Gjábakkavegar sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar sem fer með skipulagsvald á svæðinu vill að verði fyrir valinu (leið 12). Þessi mörk mætti síðan tilkynna til UNESCO í tengslum við umsókn ríkisstjórnarinnar um upptöku Þingvalla á heimsminjaskrá og gæti það án efa orðið umsókninni til framdráttar. Ávinningur að þessari lausn yrði stækkaður og glæsilegri þjóðgarður, hagkvæmari og öruggari lega Gjábakkavegar, sátt um málið milli alþingis og sveitarfélagsins og örugg niðurstaða varðandi eignarhald á Skjaldbreið.
   Til þess að þessi tillaga að lausn gæti gengið eftir hefur sveitarstjórn Grímsnes-og Grafningshrepps sem er eigandi hins forna afréttarlands Þingvallakirkju boðið að láta makaskipti þau sem gerð voru 1896 á umræddu landi og jörðinni Kaldárhöfða í Grímsnesi ganga til baka þannig að landið yrði á ný eign ríkisins.
   Með góðri samvinnu milli alþingis og viðkomandi sveitarfélaga mætti móta tillögu að raunhæfum þjóðgarðsmörkum á skömmum tíma þannig að þau mörk yrðu hluti að fyrirliggjandi frumvarpi.

Ef alþingi sér sér ekki fært að gera ofangreindar breytingar á frumvarpinu á yfirstandandi þingi viljum við beina þeirri eindregnu ósk til alþingis að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til næsta þings og að menn gefi sé þá góðan tíma til meðferðar málsins í góðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

**Sveinn A.Sædal**
oddviti Bláskógabyggðar
**Gunnar Þorgeirsson**
oddviti Grímsnes-og Grafningshrepps
**Arinbjörn Vilhjálmsson**
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

# Minnispunktar varðandi þjóðgarðsfrumvarpið og lagningu Gjábakkavegar.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 7.apríl síðastliðinn var eftirfarandi tillaga samþykkt.

***Þar sem ágreiningur er milli Bláskógabyggðar og Ríkis um syðri mörk nýrrar tillögu að þjóðgarði óskar sveitarstjórn eftir viðræðum við forsætisráðuneyti um hugsanleg makaskipti á Skjaldbreið og jörðinni Kaldárhöfða. Þannig yrði Skjaldbreiður hluti þjóðgarðs, Gjábakkavegur yrði lagður samkvæmt tillögu Bláskógabyggðar og Kaldárhöfði yrði eign Grímsnes- og Grafningshrepps. Skjaldbreiður var áður fyrr hluti Þingvallajarðar og Kaldárhöfði tilheyrði Grímsneshreppi.***

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum og sjá má á þessari bókun hefur ágreiningur verið uppi milli sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og Þingvallanefndar um legu Gjábakkavegar. Hefur deilan snúist um leiðir sem Vegagerðin hefur kynnt sem valkosti í málinu; leið 12 með tengingu við Þingvallaveg við Gjábakka og leið 7 (eða 8) með tengingu við Þingvallaveg við Miðfell.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur lýst ákveðnum vilja sýnum til þess að leið 12 verði fyrir valinu vegna hagkvæmnis og öryggissjónarmiða en Þingvallanefnd hefur talið að sú leið sé óásættanleg þar sem að hún fer inn fyrir mörk Gjábakkalands. Gjábakkaland hefur verið kynnt sem hluti af Þingvallaþjóðgarði í umsókn ríkisstjórnarinnar til UNESCO um upptöku Þingvalla á heimsminjaskrá en í þeirri umsókn var fyrirhugaðri framkæmd Gjábakkavegar ekki getið nema sem lagfæringu á núverandi vegi enda var ekki haft samráð við sveitarstjórn við gerð umsóknarinnar. Hefur Þingvallanefnd talið að þar með myndi leið 12 setja umsóknina í uppnám.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur reynt að leita leiða til lausnar á þessum vanda sem allir aðilar gætu verið sáttir við og hefur hugað að þjóðgarðsmörkum í því sambandi. Um þessar mundir er unnið að fyrsta aðalskipulagi Þingvallasveitar þar sem að allir þættir varðandi skipulagsmál á svæðinu eru í mótun. Í þeirri vinnu hefur verið hugað að verndargildi út frá sjónarmiðum landlagsheilda. Hefur sú hugmynd verið rædd hvort ekki væri eðlilegt út frá megin tilgangi friðunar Þingvalla sem helgistaðar allra íslendinga að allur fjallahringurinn væri innan þjóðgarðsmarka einnig Tindaskagi og Skjaldbreið. Ef sú hugmynd gæti orðið að veruleika mætti breyta útfærslu þjóðgarðsmarka í fyrirliggjandi frumvarpi um friðun Þingvalla og stækkun þjóðgarðs þar sem litið yrði til landlagsheilda en ekki eignamarka yrði geiri sá sem gengur suður úr Gjábakkalandi og stendur leið 12 fyrir þrifum ekki innan þjóðgarðsmarka. Þannig mætti tilkynna stærri og áhugaverðari þjóðgarð til UNESCO en núverandi frumvarp gerir ráð fyrir. Sá þjóðgarður hefði innan sinna vébanda stórkostlegar jarðmyndanir eins og Skjaldbreið og Tindaskaga sem hlyti að vera umsókninni til framdráttar jafnvel þótt lítill hluti Gjábakkalands yrði utan þjóðgarðsins.

Í ljósi þessarar hugmyndar hefur sveitartjórn Grímsnes-og Grafningshrepps samþykkt ofangreinda tillögu enda er hið forna afréttarland Þingvallakirkju í eigu Grímsneshrepps frá 1896 þegar makaskipti voru gerð á því landi og jörðinni

Kaldárhöfða. Landið er hinsvegar innan sveitarfélagsmarka Þingvallasveitar sem nú er hluti Bláskógabyggðar. Ríkið hefur hinsvegar gert kröfu til hins forna lands Þingvallakirkju í tengslum við þjóðlendumálin og er það mál komið til dómstóla enda um sanngirnismál að ræða gagnvart Grímsnes-og Grafningshrepp þó svo að langt sé liðið frá umræddum makaskiptum. Með því að láta þau skipti ganga til baka gæti Skjaldbreiður orðið óvéfengjanleg eign ríkisins og því vandræðalaust að innlima "fjallið allra hæða val" inn í þjóðgarðinn. Ekki er víst að þetta tækifæri gæti skapast aftur í bráð.

Ávinningur að þessari lausn yrði stækkaður og glæsilegur þjóðgarður sem getur orðið umsókn til Unesco til framdráttar, hagkvæmari og öruggari lega Gjábakkavegar, sátt um málið milli ríkis og sveitarfélags og örugg niðurstaða varðandi eignarhald á Skjaldbreið.

**Sveinn A. Sæland**
oddviti Bláskógabyggðar.
**Gunnar Þorgeirsson**
oddviti Grímsnes og Grafningshrepps.
**Arinbjörn Vilhjálmsson**
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu.

**Bláskógabyggð**
Aratungu – 801 – Selfoss – Kt. 510602-4120.
Sími: 486-8808 – Fax: 486-8709

Aratungu 14. apríl 2004.

**Nefndasvið Alþingis**
*B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur*
*nefndarritara alsherjarnefndar.*

***Varðar: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum***

Bláskógabyggð hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.
Eftirfarandi álit er gefið í samræmi við bókun sem gerð var á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 6. apríl 2004.

**Umsögn:**
Sveitarstjórn fagnar framkomnu frumvarpi og telur eðlilegt að hugað sé að stækkun hins friðhelga lands og tryggja þar með enn frekar varðveislu menningarminja og náttúru sem vart á sinn líka í heiminum.

Nokkur atriði ber þó að hafa í huga hvað varðar aðkomu Bláskógabyggðar að málinu.

Um þessar mundir er unnið að aðalskipulagi Þingvallasveitar, sem verður fyrsta aðalskipulag þessa mikilvæga svæðis. Í þeirri umræðu hefur verið horft til landslagsheilda fremur en eignarmarka við mat á verndargildi. Sveitarstjórn álítur að eðlilegt sé að ný þjóðgarðsmörk séu dregin í anda þeirrar hugmyndafræði.

Í bréfi sem sveitarstjórn afhenti Þingvallanefnd á fundi þann 29. janúar kemur m.a. eftirfarandi fram:

*"sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna til þess að taka höndum saman við Þingvallanefnd um stækkun þjóðgarðsmarka í anda þeirrar stefnumótunar sem gerð var á vegum Þingvallanefndar árið 1988. Þá horfum við ekki síst til svæða austan og norðan núverandi þjóðgarðsmarka, sem eru án vafa hluti af þeirri ásýnd sem lög og fyrirhugaðar lagasetningar hafa að meginmarkmiði að vernda.*
*Þjóðgarður sem hefur innan sinna marka einstakar jarðmyndanir eins og Hrafnabjörg, Tindaskaga og jafnvel Skjaldbreið hljóta að vera umsókn um upptöku í heimsminjaskrá UNESCO til framdráttar"*

Í 6. gr frumvarpsins er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd semji reglur *"um meðferð spilliefna, frárennsli og annars sem hætta er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þ.m.t. Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins."*

Þetta er í samræmi við frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, sem Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, hyggst leggja fram á Alþingi, og hefur þegar kynnt fyrir sveitarstjórnum Bláskógabyggðar og Grímsnes-og Grafningshrepps.

**Í því frumvarpi er þjóðgarðurinn undanþeginn vatnsverndarákvæðinu.**

Í vinnu við gerð aðalskipulags Þingvallasveitar, sem er nú í vinnslu hjá Bláskógabyggð, hefur verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess haft mjög mikið vægi.

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að metnaðarfull áform heimamanna verði virt og að aðalskipulag Þingvallasveitar, unnið af sveitarstjórn Bláskógabyggðar, verði viðurkennt sem stjórnsýslutæki á svæðinu.**

**Ef ekki verður tekið tillit til aðalskipulags svæðisins, er eðlilegt að vatnsverndun innan þjóðgarðsins, eins og öll önnur vatnsvernd innan vatnasviðsins, heyri undir umhverfisráðherra.**
**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að gera þurfi breytingar á 6. grein lagafrumvarpsins og leggur áherslu á að ekki sé með öðrum hætti hægt að móta heilsteypta verndarstefnu fyrir Þingvallasvæðið. Með óbreyttri 6. gr. er verið að taka frumkvæði og forræði af sveitarfélaginu.**
Það, að taka forræðið af sveitarfélaginu, er í andstöðu við áform ríkisvaldsins og Samtaka íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins og stækkun sveitarfélaga.

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur eðlilegt að í lagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir aðild Bláskógabyggðar að Þingvallanefnd og gerir kröfu um að tekið sé tillit til þess í meðförum Alþingis á frumvarpinu.**
Þannig mætti koma í veg fyrir misskilning og mistúlkun milli aðila sem nauðsynlegt er að hafi náið og gott samstarf. Það er mat sveitarstjórnar, að með fulltrúa sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í Þingvallanefnd, yrði stjórnun á svæðinu skilvirkari í framtíðinni.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að koma á fund alsherjarnefndar og skýra afstöðu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frekar.

Virðingarfyllst.
F.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Sveinn A. Sæland
oddviti

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR
Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss
SÍMI: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Allsherjarnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Borg 13. apríl 2004

**Efni: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 7. apríl s.l. var tekið fyrir bréf frá Allsherjarnefnd Alþingis dags. 6. apríl 2004 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Óskað var eftir svari eigi síðar en 16. apríl n.k.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

**Þar sem ágreiningur er milli Bláskógabyggðar og Ríkis um syðri mörk nýrrar tillögu að þjóðgarði óskar sveitarstjórn eftir viðræðum við forsætisráðuneyti um hugsanleg makaskipti á Skjaldbreið og jörðinni Kaldárhöfða. Þannig yrði Skjaldbreiður hluti þjóðgarðs, Gjábakkavegur yrði lagður samkvæmt tillögu Bláskógabyggðar og Kaldárhöfði yrði eign Grímsnes- og Grafningshrepps. Skjaldbreiður var áður fyrr hluti Þingvallajarðar og Kaldárhöfði tilheyrði Grímsneshreppi.**

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri

# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál 130. löggjafarþings.

Lagst er gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Megináhrif frumvarpsins, verði það að lögum, eru að þjóðgarðurinn á Þingvöllum (eins og hið friðaða land er jafnan nefnt) mun stækka úr 40 $km^2$ í 237 $km^2$, eða nálega sexfaldast. Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að um 70% þjóðarinnar búi í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Þingvöllum. Telja megi einstakt að hafa slíka náttúruperlu svo stutt frá þéttbýlasta svæði landsins, enda sé það þegar vinsælt útivistarsvæði.

Núgildandi lög um hið friðaða land á Þingvöllum eru frá 1928. Eðlilegt má telja að lögin séu endurskoðuð með það að markmiði að stækka þjóðgarðinn. Stjórnin gerir hins vegar verulegar athugasemdir við að ekki skuli hafa verið viðhaft neitt samráð við Bláskógabyggð í aðdraganda og undirbúningi frumvarpsins.

Stjórnin tekur undir með sveitarstjórn Bláskógabyggðar um að mikilvægt sé að afmarka þjóðgarðinn út frá landslagsheildum fremur en eignarmörkum einstakra jarða og hvetur til þess að teknar verði upp viðræður við sveitarfélagið á þeim forsendum.

Einnig eru gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir að haldist samkvæmt frumvarpinu að Þingvallanefnd sé skipuð þremur alþingismönnum, sbr. 2. gr. þess. Ákvarðanir um framtíð og rekstur þjóðgarðs á Þingvöllum hafa verulega þýðingu fyrir hagsmuni þess sveitarfélags sem þjóðgarðurinn er í, þ.e. Bláskógabyggðar. Með þeirri miklu stækkun þjóðgarðsins sem fyrirhuguð er samkvæmt frumvarpinu munu þessi áhrif á aðstæður og hagsmuni sveitarfélagsins aukast gríðarlega. Aðild þess sveitarfélags að Þingvallanefnd er því nauðsynleg að mati stjórnarinnar, bæði til að hagsmunir sveitarfélagsins séu tryggðir og til að tryggja hagsmuni þjóðgarðarins sem slíks. Með því móti má koma í veg fyrir árekstra, bæta samskipti og efla samráð við heimamenn.

Þá telur stjórn sambandsins rétt að vekja athygli á því að frumvarp þetta var sent til umsagnar með bréfi dagsettu 6. apríl sl. og frestur gefinn til 16. apríl. Bréfið hefur hins vegar væntanlega ekki verið póstlagt fyrr en 7. apríl og barst því ekki fyrr en 13. apríl vegna páskahátíðar. Sá tími sem gefst til að vinna umsögn um frumvarpið er því einungis fjórir virkir dagar og eru slík vinnubrögð Alþingis með öllu óviðunandi.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. apríl 2004.

---

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Selfossi, 16. apríl 2004

**Nefndavið Alþingis**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hefur borist erindi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 6. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál. Fer umsögnin hér á eftir.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggjast gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd. Samtökin lýsa óánægju með að Þingvallanefnd er ætlað að fara með hefðbundið stjórnsýsluvald sveitarfélags sbr. 6. grein frumvarpsins og leggja áherslu á að aðalskipulag sveitarfélagsins verði virt og allar skipulagsbreytingar á svæðinu fari í gegnum aðalskipulag. Því er lagt til að frumvarpinu verði breytt að þessu leyti. Jafnframt leggja samtökin til að Bláskógabyggð fái aðild að Þingvallanefnd til að tryggja að fullt samráð verði við sveitarfélagið um þau mál sem undir sveitarfélagið heyra.

Að lokum gera samtökin alvarlegar athugasemdir við gerð frumvarpsins, en svo virðist að ekkert samráð hafi verið haft við Bláskógabyggð í aðdraganda og undirbúningi þess.

Umsögninni er hér með komið á framfæri

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri


| Aðsetur – Address: | Símar – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
|---|---|---|---|---|
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 482 1088<br>482 1350 | 482 2921 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR
Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss
SÍMI: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1820*
*komudagur 15.4.2004*

Allsherjarnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Borg 13. apríl 2004

**Efni: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 7. apríl s.l. var tekið fyrir bréf frá Allsherjarnefnd Alþingis dags. 6. apríl 2004 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Óskað var eftir svari eigi síðar en 16. apríl n.k.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

**Þar sem ágreiningur er milli Bláskógabyggðar og Ríkis um syðri mörk nýrrar tillögu að þjóðgarði óskar sveitarstjórn eftir viðræðum við forsætisráðuneyti um hugsanleg makaskipti á Skjaldbreið og jörðinni Kaldárhöfða. Þannig yrði Skjaldbreiður hluti þjóðgarðs, Gjábakkavegur yrði lagður samkvæmt tillögu Bláskógabyggðar og Kaldárhöfði yrði eign Grímsnes- og Grafningshrepps. Skjaldbreiður var áður fyrr hluti Þingvallajarðar og Kaldárhöfði tilheyrði Grímsneshreppi.**

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri

Biskupsstofa

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/2108*
*komudagur 23.4.2004*

ÞJÓÐKIRKJAN

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. apríl 2004

**Málefni: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Á fundi Kirkjuráðs sem haldinn var þ. 14. apríl síðastliðinn var eftirfarandi ályktun samþykkt.

> "Kirkjuráð fagnar tillögum um stækkun þjóðgarðsins og friðlýsingu hans sem helgistaðar allra Íslendinga í framkomnu frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Kirkjuráð álítur að frumvarpið feli ekki í sér breytingu á réttarstöðu Þingvalla sem prestsseturs skv. lögum nr. 62/1990 og sem staðfest var með starfsreglum Kirkjuþings, samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Kirkjuráð mótmælir því að í greinargerð með frumvarpinu eru Þingvellir taldir með ríkisjörðum, enda liggur ekki fyrir formlegt afsal á Þingvöllum og samkvæmt þinglýstum eignarheimildum er ótvírætt að kirkjan fer með eignarheimild að Þingvöllum.
> Kirkjuráð minnir á að undanfarin tuttugu ár hafa staðið yfir samningaviðræður ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjueignir og prestssetur og það sem þeim fylgir. Með kirkjujarðasamkomulaginu 1997 varð sátt um kirkjujarðirnar. Það samkomulag var staðfest með kirkjulögunum nr. 78/1997 og sérstökum samningi um fjármál Þjóðkirkjunnar þar af leiðandi. Vegna sérstöðu prestssetranna og þess sem þeim fylgir varð að fjalla sérstaklega um þau. Viðræðunefndir ríkís og kirkju störfuðu frá 1997 til 2002 en niðurstaða náðist ekki. Þrátt fyrir óskir kirkjunnar hefur ríkisvaldið ekki séð sér fært að halda viðræðum áfram, en Kirkjuráð væntir þess að samkomulag geti náðst sem fyrst".

Virðingarfyllst. f. h. Kirkjuráðs

Guðmundur Þór Guðmundsson lögfr.
framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

*Meðf. Þinglýst gögn um eignarheimildir kirkjunnar á Þingvöllum*

BS 7378

BISKUPSSTOFA · Laugavegi 31 · 150 Reykjavík · Sími 535 1500 · Fax 551 3284 · kirkjan@kirkjan.is · www.kirkjan.is
The Evangelical Lutheran Church of Iceland · BISHOP'S OFFICE · Laugavegur 31 · IS-150 Reykjavík · iceland
Tel. +354 535 1500 · Fax +354 551 3284 · kirkjan@kirkjan.is · www.kirkjan.is

No. 273.

Skrá yfir landamerki prestssetursins Þingvalla, með hjáleigunum Arnarfelli, Skógarkoti, Hrauntúni og Svartagili, þ.e. Þingvallakirkjulands

Frá Öxarárnyrni liggur Þingvallavatn fyrir landinu suður að Langatanga (Sauðanesi). Úr klofnum hellusteini á Langatanga liggja svo mörkin beina stefnu að sjá í slakkann milli Gildruholta allt til markavörðu við hinn forna svonefnda Prestsveg; þá ræður Prestsvegurinn mörkum til Hallstígs á Hrafnagjá, og svo Hrafnagjá inneptir þartil hún þrýtur við Rauðshól. Úr Rauðshól í vörðu á sprungnum klapparhól á Innri-Gaphæðum, þaðan beint í Hlíðarstíg; úr Hlíðarstíg beina stefnu yfir Þúfuhól í Hrafnabjörg. Síðan liggja mörkin strandlengis með fjallabrúnum allt til norðausturenda Tindaskaga, svo sem hjer segir: eptir norðureggjum Hrafnabjarga, og úr Hrafnabjörgum yfir tvo hnúka beint á Tröllatind, úr Tröllatindi sjónhending í suðvesturhorn Tindaskaga, síðan eptir Tindaskaga endilöngum til norðausturenda hans, þaðan í austurrætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess, og úr norðurrótum þess eptir beinni stefnu á Loirárhöfða þartil vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjaryndisfells. Þar sem þessi síðast nefnda lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða er hornmark. Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells, þaðan í Mjóu-Súlu (eður Háu-Súlu), þaðan til Öxarárupptaka, eður þess staðar er Öxará rennur úr Myrkavatni, þaðan beina stefnu í há-Kjöl móts við upptök Búrfellsgils, og eptir því gili til Öxarár, sem þá ræður landamerkjum til Þingvallavatns.

Ítök:

1. Í Brúsastaðalandi eiga Þingvellir rjett til beitar á svonefndu þingi móts við Þingvallabæ, og í Almannagjá; og til slægna í Hestagjá. En þar á móti á kirkjujörðin Brúsastaðir torfristu í Brúsastaðamýri og vetrarbeit á Brúsastaðabrekkum.

2. Þingvallakirkja á alla urriðaveiði í Öxará og alla silungsveiði á Ólafsdrætti.

3. Þingvellir eiga slægjur í Þingvallagróf og Kjálkunum.

Þingvöllum 1.septbr. 1886. Jens Pálsson.

Framanritaðri landamerkjaskrá erum vjer undirskrifaðir samþykkir:
Eiríkur Grímsson eigandi og ábúandi á Gjábakka.
Fyrir hönd jarðareiganda Vörðufells: Davíð Snæbjarnarson.
Jón Pjetursson (nafnið handsalað). Fyrir jarðeiganda Þverfells:
Björn Sveinbjarnarson (nafnið handsalað).
Umráðamaður Stórabotns Gísli Gíslason.

Þinglesið á manntalsþingi að Þingvöllum 7.júní 1890.
Þingl. 75 a.
Bókun 25 " = Er ein króna.

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1822*
*komudagur 15.4.2004*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 15. apríl 2004

**Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þskj. 1326 – 868. mál**

Fyrirhugaður þjóðgarður er stór og hann nær yfir land í afar fjölbreyttu ástandi. Á hluta þess svæðis sem frumvarpið nær til er ástand gróðurs og jarðvegs, og þar með ástand vistkerfa og líffræðilegs fjölbreytileika, mjög slæmt. Í reglum um þjóðgarðinn er því mikilvægt að styðja við nauðsynlegt landgræðslustarf.

Í 3. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að land þjóðgarðsins skuli friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Jafnframt að m.a. gróður skuli vera friðaður. Hvað gróðurþáttinn varðar vill Landgræðsla ríkisins benda á að:

1. Mestur hluti þess lands sem nú er örfoka eða í tötrum, s.s. í vestur- og norðurhluta svæðisins og í Arnarfellslandi, var fyrrum þakinn birkiskógi. Gera verður ráð fyrir að orðalag 3.gr. feli m.a. í sér endurreisn þessa upprunalega gróðurs eins og kostur er.
2. Sama gildir um aðrar landbætur á ofangreindu svæði til að stöðva jarðvegsrof og til þess að hraða framvindu gróðurs. Bændur í Þingvallasveit hafa verið mjög öflugir í landgræðslustarfi.
3. Tekið er undir það markmið sem kemur fram i 3.gr. að Þjóðgarðurinn skuli varinn fyrir lausagöngu búfjár, enda er beitarfriðun æskileg vegna þess hve ástand lands er slæmt á stórum hluta svæðisins. Mikilvægt er að skoða slíka beitarfriðun í stærra samhengi m.t.t. aðliggjandi svæða.
4. Vestan Skjaldbreiðar er mjög varasöm sandleið, frá jökli og suður að Sandkluftavatni. Góður árangur hefur náðst við að hemja sandinn, en mikil vinna er þó enn eftir við að tryggja að sandur ógni ekki gróðri í þjóðgarðinum.

**LANDGRÆÐSLA RÍKISINS**
Gunnarsholti - Rangárvöllum - 851 Hella
Sími: 488 3000 - Fax: 488 3010
www.land.is - Netf.: lgr@land.is

**SOIL CONSERVATION SERVICE**
Gunnarsholt - 851 Hella - Iceland
Tel.: +354 488 3000 - Telefax: +354 488 3010
www.land.is - E-mail: lgr@land.is

Landgræðslan telur að landgræðslustarf á illa förnum svæðum innan fyrirhugaðs þjóðgarðs falli vel að markmiðum frumvarpsins, og sé reyndar forsenda þess að unnt sé að mæta ýmsum markmiðum náttúruverndar á hluta hans, s.s. um vernd og endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni. Jafnframt vill Landgræðslan benda á mikilvægi öflugrar gróðurhulu vegna vatnsverndarsjónarmiða. Jarðvegurinn heldur í sér vatni og miðlar því frá sér, og gróður og annað lífrænt bindur yfirborðið og síar frá mengandi efni sem ella gætu borist í grunnvatn.

Mikilvægt er að túlkun á orðalagi 3. gr. feli í sér markmið um endurreisn gróðurs, jarðvegs og vistfræðilegrar virkni innan þjóðgarðsins, og að unnt sé að takast á við vandamál vegna sandfoks og jarðvegsrofs þar sem þess er þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri

LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS

Alþingi
Allsherjarnefnd Alþingis
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 139/1924
*komudagur* 19.4.2004

Akranesi 15. apríl 2004

L04020002/022.1 Alþingi; umsagnir um lög; frumvörp/MG/--

**Efni: Umsögn um mál nr. 868, um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.**

Vísað er til erindis yðar dags. 6. apríl 2004 þar sem óskað er álits á frumvarpi til laga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Landmælingar Íslands hafa eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í fylgiskjali I. í frumvarpinu er kort sem sýnir Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Landmælingar Íslands hafa útvegað grunn kortagögn fyrir það kort, en mörk þjóðgarðsins (gömul eða ný) eru ekki úr gögnum Landmælinga Íslands. Landmælingar Íslands vilja benda á eftirfarandi þrjú atriði er snúa að stækkun þjóðgarðsmarkanna.

1. Mörkin eru ekki í samræmi við þau mörk sem unnin voru vegna umsóknar þjóðgarðsins að heimsmynjaskrá UNESCO, en í þeirri umsókn voru útbúin kort sem sýndu núverandi og væntanleg mörk þjóðgarðsins (mörk 2003). Sjá viðauki 1. kort 1 og 2..


2. Í 1.gr. frumvarpsins er lýsing á mörkum þjóðgarðsins eins og þau munu verða og eru mörkin bundin við lýsingar og landamerki jarða. Landmælinga Íslands telja mikilvægt að mörk hins nýja þjóðgarðs verði afmörkuð með landfræðilegum hnitum mældum með GPS tækni og birt í Landshnitakerfinu ISN93. Mikilvægt er að allir hornpuntar/brotpunktar í mörkunum sé með þekktum hnitum óháð utanaðkomandi þáttum eins og breytingum á landamerkjum.

3. Landmælingar Íslands vilja jafnframt nefna að vinnu við frumvarp til laga um Landeignaskrá er lokið, en þar er m.a. fjallað um hnitsetningu allra landamerkja á Íslandi. Verði það frumvarp samþykkt verður skylt að hnitsetja öll lóða og jarðarmörk landsins og því mun hnitsetning nýrra þjóðgarðsmarka verða í samræmi við nýjar kröfur.

Bestu kveðjur
Magnús Guðmundsson

Viðauki 1


Kort 1




**Map 3.**
**Satelite Image of Þingvellir National Park**
**Map scale 1:50.000**

Copyright: National Land Survey of Iceland

KORT 2. VIÐAUKI 1.




**Legend**

buffer zone boundary
Buffer zone
Thingvellir national park
Nominated area
Nominated area
Rivers
Lakes
Roads

**Map 4a. Nominated area and buffer zone**

Map scale: 0 500 1.000 2.000 3.000 4.000 Meters

Copyright: National Land Survey of Iceland

LANDVERND
Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2140
komudagur 26.4.2004

**Allsherjarnefnd Alþingis**
Bt. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

26. apríl 2004

Efni:
**Umsögn stjórnar Landverndar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. – 868. mál.**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreint frumvarp.

Stjórnin fagnar framkomnu frumvarpi og áformum um að treysta verndun Þingvallavatns.

Áformuð stækkun þjóðgarðarins er mikilvægt skref í þá átt að miða mörk þjóðgarðsins við heildstæð vistkerfi og landslagsheildir, eins og viðmiðunarreglur IUCN leggja áherslu á. Svo virðist sem Hrafnabjörg sem heild séu ekki innan marka Þjóðgarðarsins í framlagðir tillögu. Ástæða gæti verið að líta á þetta atriði sérstaklega.

Í 2. gr. er fjallað um stjórnun þjóðgarðsins. Þar segir að Þingvallanefnd farið með hlutverk stjórnar og hana skipi þrír alþingsmenn kjörnir af Alþingi. Í vaxandi mæli hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð um rekstur og stjórnun þjóðgarða. Þetta er í samræmi við áherslur IUCN og hefur komið mjög vel fram í allri umfjöllun um áformaðan Vatnajökulsþjóðgarð. Framlögð tillaga um fyrirkomulag stjórnunar þjóðgarðsins á Þingvöllum virðist því ekki vera fyllilega í samræmi við nútíma hugmyndir um stjórnun þjóðgarða. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að lögin kveði á um að hafa beri gott samstarf og samráð við viðkomandi aðila við stjórnun þjóðgarðsins og ástæða geti verið til að útvíkka stjórnina í þessum tilgangi. Í þessu sambandi ber að líta til viðkomandi sveitarfélags, Þjóðkirkjunnar, Umhverfisstofnunar, Samtök ferðaþjónustunnar og umhverfisverndarsamtaka.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar
*Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri*

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2346
komudagur 7.5.2004

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Líffræðistofnun Háskólans**
Öskju, Sturlugötu 7
101 Reykjavík
Sími: 525-4600
Bréfasími:525 4069
Tölvufang: sigsnor@hi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5.05. 2004

**Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Því miður reyndist ekki unnt að svara þessu erindi fyrir settan frest. Engu að síður vil ég að það komi fram að ég er almennt ánægður með frumvarpið. Ég sé ekki ástæðu til að gera einstakar athugasemdir við frumvarpið utan þá að fyrsta setning 1.gr. er einkennilega orðuð.

Sem áhugamaður um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og sem vísindamaður sem sótt hefur drjúgan hluta af rannsóknarefni sínu til vatnsins hlýt ég að fagna því mikilvæga skrefi sem hér er stigið. Þá vil ég einnig lýsa yfir ánægju með að nú skuli vera í bígerð sérstakt frumvarp um verndun Þingvallavatns eins og segir í athugasemdum við frumavarp það er hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður S. Snorrason

Sigurður S. Snorrason
Forstöðumaður Líffræðistofnunar Háskólans

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/2124
*komudagur* 23. 4. 2004

Allsherjarnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2004
2004040007/42-1
SB/hj

**Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ef frumvarpið verður að lögum munu þau leysa af hólmi gildandi lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því m.a. að Þingvellir fái formlegan sess sem þjóðgarður, að friðlýst landsvæði sexfaldist með innlimun fimm jarða í þjóðgarðinn og að náttúruverndarákvæði verði styrkt með því að leggja áherslu á vernd upprunalegs náttúrufars svæðisins. Umsýsla með þjóðgarðinum verður áfram undir stjórn þingkjörinnar Þingvallanefndar, en forsætisráðuneyti fer með yfirstjórn og úrskurðarvald í málefnum þjóðgarðsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið ákvæði frumvarpsins sem lúta að stækkun þjóðgarðsins og verndun hans. Náttúrufræðistofnun leggur til að fulltrúi frá Umhverfisstofnun, sem fer með umsýslu annarra þjóðgarða á Íslandi, sitji í Þingvallanefnd til að tryggja eðlilegt samráð og samstarf þessara aðila. Jafnframt hvetur Náttúrufræðistofnun til þess að hugað verði sem fyrst að enn frekari stækkun þjóðgarðsins til austurs og norðurs, þ.e. að innlima Tindaskaga, Kálfstinda og Skjaldbreiði í þjóðgarinn, þannig að hann spanni og tryggi verndun einstakra jarðmyndana frá ísöld og nútíma á því svæði (sbr. Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. 2002. Verndun jarðminja á Íslandi. NÍ - 02019; Umhverfisstofnun. 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.).

Virðingarfyllst

Snorri Baldursson
forstjóri

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595 ni@ni.is

*Alþingi*
*Erindi nr.* **Þ** 130/1973
*komudagur* 19.4.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar B. Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. apríl 2004

Sam 166/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

**Efni: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. apríl var lagt fram bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 6. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál 130. löggjafarþings.

Lagst er gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Meginárhrif frumvarpsins, verði það að lögum, eru að þjóðgarðurinn á Þingvöllum (eins og hið friðaða land er jafnan nefnt) mun stækka úr 40 km² í 237 km², eða nálega sexfaldast. Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að um 70% þjóðarinnar búi í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Þingvöllum. Telja megi einstakt að hafa slíka náttúruperlu svo stutt frá þéttbýlasta svæði landsins, enda sé það þegar vinsælt útivistarsvæði.

Núgildandi lög um hið friðaða land á Þingvöllum eru frá 1928. Eðlilegt má telja að lögin séu endurskoðuð með það að markmiði að stækka þjóðgarðinn. Stjórnin gerir hins vegar verulegar athugasemdir við að ekki skuli hafa verið viðhaft neitt samráð við Bláskógabyggð í aðdraganda og undirbúningi frumvarpsins.

Stjórnin tekur undir með sveitarstjórn Bláskógabyggðar um að mikilvægt sé að afmarka þjóðgarðinn út frá landslagsheildum fremur en eignarmörkum einstakra jarða og hvetur til þess að teknar verði upp viðræður við sveitarfélagið á þeim forsendum.

Einnig eru gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir að haldist samkvæmt frumvarpinu að Þingvallanefnd sé skipuð þremur alþingismönnum, sbr. 2. gr. þess. Ákvarðanir um framtíð og rekstur þjóðgarðs á Þingvöllum hafa verulega þýðingu fyrir hagsmuni þess sveitarfélags sem þjóðgarðurinn er í, þ.e. Bláskógabyggðar. Með þeirri miklu stækkun þjóðgarðsins sem fyrirhuguð er samkvæmt frumvarpinu munu þessi áhrif á aðstæður og hagsmuni sveitarfélagsins aukast gríðarlega. Aðild þess sveitarfélags að Þingvallanefnd er því nauðsynleg að mati stjórnarinnar, bæði til að hagsmunir sveitarfélagsins séu tryggðir og til að tryggja hagsmuni þjóðgarðarins sem slíks. Með því móti má koma í veg fyrir árekstra, bæta samskipti og efla samráð við heimamenn.

Þá telur stjórn sambandsins rétt að vekja athygli á því að frumvarp þetta var sent til umsagnar með bréfi dagsettu 6. apríl sl. og frestur gefinn til 16. apríl. Bréfið hefur hins vegar væntanlega ekki verið póstlagt fyrr en 7. apríl og barst því ekki fyrr en 13. apríl vegna páskahátíðar. Sá tími sem gefst til að vinna umsögn um frumvarpið er því einungis fjórir virkir dagar og eru slík vinnubrögð Alþingis með öllu óviðunandi.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. apríl 2004.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

2004/08

**SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA**

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1890
komudagur 16. 4. 2004

Selfossi, 16. apríl 2004

**Nefndavið Alþingis**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hefur borist erindi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 6. apríl 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál. Fer umsögnin hér á eftir.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga leggjast gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd. Samtökin lýsa óánægju með að Þingvallanefnd er ætlað að fara með hefðbundið stjórnsýsluvald sveitarfélags sbr. 6. grein frumvarpsins og leggja áherslu á að aðalskipulag sveitarfélagsins verði virt og allar skipulagsbreytingar á svæðinu fari í gegnum aðalskipulag. Því er lagt til að frumvarpinu verði breytt að þessu leyti. Jafnframt leggja samtökin til að Bláskógabyggð fái aðild að Þingvallanefnd til að tryggja að fullt samráð verði við sveitarfélagið um þau mál sem undir sveitarfélagið heyra.

Að lokum gera samtökin alvarlegar athugasemdir við gerð frumvarpsins, en svo virðist að ekkert samráð hafi verið haft við Bláskógabyggð í aðdraganda og undirbúningi þess.

Umsögninni er hér með komið á framfæri

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri


| Aðsetur – Address: | Símar – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
|---|---|---|---|---|
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 482 1088<br>482 1350 | 482 2921 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/1891
*komudagur* 16.4.2004

Skipulags stofnun

**2004040029**
9140

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2004

**Efni: Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum**

Vísað er til erindis allsherjarnefndar dags. 6. apríl 2004 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins kemur fram að óheimilt verði að gera nokkurt jarðrask eða reisa mannvirki innan þjóðgarðsins nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar. Samkvæmt gildandi lögum þarf leyfi Þingvallanefndar.

Til samræmis við 3. gr. frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og til að hlutverk sveitarstjórnar sé skýrt leggur Skipulagsstofnun til að við 4. gr. bætist að sveitarstjórn geti þó heimilað án sérstaks samþykkis Þingvallanefndar framkvæmdir samkvæmt gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi enda hafi Þingvallanefnd fallist á þá skipulagsáætlun sem um er að ræða.

Stefán Thors

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Sími: 595 4100
Fax: 595 4165

Kennitala: 590269 - 5149
Tölvupóstur: skipulag@skipulag.is
Heimasíða: www.skipulag.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1877
komudagur 16.4.2004

SKÓGRÆKT RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 15. 04. 04

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.**

**Lagt er til að 1. málsl. 3. gr. verði:**
Land þjóðgarðsins skal vera friðað sem helgistaður þjóðarinnar.

**Greinargerð:**
Hér er lagt til að stefnumarkandi ákvæðin *að varðveita ásýnd lands* og *viðhalda hinu upprunalega náttúrufari* verði felld út. Þetta er lagt til af þremur ástæðum:

1) Varðveisla ásýndar lands er viðeigandi sem verndarmarkmið víða innan þjóðgarðsins, sérstaklega á stöðum sem hafa sögulega þýðingu. Við fyrirhugaða stækkun bætast hins vegar allstór svæði við þjóðgarðinn sem eru mjög illa farin gróðurfarslega, einkum að vestan og norðan. Þar þarf að vinna að uppgræðslu og setja skýr markmið um það gróðurfarslega ástand sem stefnt er að. Á slíkum svæðum getur markmið verndunar ekki verið að varðveita núverandi ásýnd. Sem helgistaður þjóðarinnar er þjóðgarðinum einnig ætlað að varðveita það sem lifandi þjóð er að fást við hverju sinni og vera þannig lifandi helgistaður. Má þar nefna hátíðir í tengslum við stórafmæli sem oft skilja eftir einhver ummerki sem breyta ásýnd lands. Þá varðveitir þjóðgarðurinn upphaf skógræktar á Íslandi, gjafir Vesturíslendinga til gamla landsins í formi gróðursettra trjáa og fyrsta tréð sem Vigdís Finnbogadóttir gróðursetti sem forseti; allt hlutir sem breyta ásýnd lands en rýra síður en svo gildi staðarins sem helgistað þjóðarinnar.
2) Markmið að viðhalda upprunalegu náttúrufari er merkingarlaust nema hið upprunalega náttúrufar sé skilgreint. Við hvaða tímapunkt á að miða; landnám, stofnun Alþingis, seint á átjándu öld þegar þinghald lagðist af eða núverandi ástand? E.t.v. eiga mismunandi viðmið við á mismunandi stöðum innan þjóðgarðsins. Þá er ljóst að á stærsta hluta lands innan nýju þjóðgarðsmarkanna hefur landnýting breytt náttúrufari, einkum gróðri, svo gjörsamlega að ekki er hægt að tala um að viðhalda upprunalegu náttúrufari, t.d. miðað við landnám, heldur þarf að endurheimta það. Einnig eru tún og gróðursettir trjálundir dæmi um nýlega ræktun, sem kann engu að síður að hafa varðveislugildi og því ekki við hæfi að breyta þeim aftur í eitthvert óskilgreint upprunalegt náttúrufar.
3) Markmið um að varðveita ásýnd og viðhalda upprunalegu náttúrufari fara víða illa saman vegna þess sem kom fram hér að ofan að á allstórum svæðum þurfi að endurheimta upprunalegt gróðurfar, eftir því hvernig það er skilgreint, og slíkt hefur breytingar á ásýnd lands í för með sér. Valið getur staðið um að varðveita ásýnd eða endurheimta upprunalegt náttúrufar en e.t.v. verður ekki hægt að ná báðum markmiðunum á sömu svæðum.

Mógilsá
Pósthólf 39
270 Mosfellsbæ

Sími 471 2100
Fax 471 2172

Kennitala: 590269-3449

SKÓGRÆKT RÍKISINS

**Lagt er til að við 3. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:**
Þingvallanefnd skal sjá til þess að gerð verði verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í henni skal mörkuð stefna um verndun, varðveislu eða æskilegar breytingar á ásýnd lands og náttúrufari eftir því sem við á. Við gerð verndaráætlunar skal samráð haft við Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Fornleifavernd ríkisins og aðra aðila eftir því sem ástæða þykir til. Verndaráætlunin verði endurskoðuð á 10 ára fresti með aðkomu sömu aðila.

**Greinargerð:**
Stefnumarkandi ákvæði í lögum s.s. að *varðveita ásýnd lands* og *viðhalda hinu upprunalega náttúrufari* eru of almenn og óljós til að þau nægi sem forsendur til að reka þjóðgarð sbr. það sem fram kemur hér að ofan. Stefnumörkun um varðveislu ásýndar lands, verndun á náttúru- og þjóðminjum og endurheimt upprunalegs náttúrufars krefst flóknara ferlis og ýtarlegri útfærslu en ástæða er til að setja í lög. Með verndaráætlun er hægt að leggja fram markmið og leiðir í smáatriðum, forgangsraða verkefnum og áætla kostnað auk þess sem hún nýtist til að draga fram ýmis sjónarmið og til kynningar.

Til samráðs eru nefndar þrjár stofnanir. Hjá Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins er talsverð reynsla varðandi gerð áætlana um meðferð lands og hjá Skógræktinni er hafin gerð nýrrar kynslóðar áætlana fyrir þjóðskógana sem mun ná til verndar- og útivistarþátta. Það er því sjálfgefið að Þingvallanefnd nýti sér þessa þekkingu auk þess sem í gildi er samningur um meðferð skóglendis á Þingvöllum við Skógrækt ríkisins. Svipað gildir varðandi reynslu og þekkingu sem býr hjá Fornleifavernd ríkisins um minjavernd.

Þessi breyting ætti að verða til þess að auðvelda störf Þingvallanefndar.

f.h. Skógræktar ríkisins

Þröstur Eysteinsson

Þröstur Eysteinsson
þróunarstjóri

Sími: 471 2100
Fax: 471 2141
Kennitala: 590269-3449

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ /30/2321
*komudagur* 27.4.2004

# Umsögn

Umhverfisnefnd hefur borist bréf allsherjarnefndar, dags. 13. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um 868. mál, frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Sigurð Oddsson þjóðgarðsvörð á Þingvöllum.

Í frumvarpinu er lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað verulega. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Nefndin bendir á að áður hefur verið lagt fram frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 560. mál á 123. löggjafarþingi (1998–99) en það var ekki afgreitt. Frá þeim tíma hafa viðhorf til náttúruverndar breyst verulega.

Nefndin telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru innan þjóðgarðsins. Þingvellir hafa þá sérstöðu að vera helgur staður í huga þjóðarinnar. Lítur nefndin svo á að með samþykkt frumvarpsins yrði lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við stærstu þéttbýlissvæði landsins. Nefndin lýsir ánægju sinni með að í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að eitt af markmiðunum með friðuninni sé að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari.

Í gildandi lögum kemur hvergi fram að hið friðhelga land á Þingvöllum sé þjóðgarður eins og lagt er til í frumvarpinu. Nefndin telur rétt að heitið þjóðgarður verði notað um hið friðaða svæði enda höfðu Þingvellir löngu áður en hugtakið þjóðgarður kom í náttúruverndarlög öðlast þann sess meðal þjóðarinnar og það heiti hefur lengi verið notað um svæðið.

Í nefndinni er nú til umfjöllunar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess (þskj. 1420, 934. mál). Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum gildi ákvæði laga um þjóðgarðinn. Í bréfi forsætisráðuneytisins til allsherjarnefndar er lagt til með hliðsjón af framangreindu að við frumvarpið um þjóðgarðinn á Þingvöllum verði bætt ákvæði um vatnsvernd innan hans. Leggur nefndin til að sú tillaga verði tekin til greina.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.


Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir umsögn þessa með fyrirvara þar sem að hún telur að heildarstefnumótun í málefnum þjóðgarða og friðaðra svæða þurfi að vera samræmd í landinu. Þar af leiðandi þurfi verndarsvæði sem friðað er á forsendum náttúruverndar að heyra a.m.k. að hluta til undir þá stjórnsýslustofnun sem með slík svæði fer.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur umsögn þessari.

Alþingi, 27. apríl 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir, formaður.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Dagný Jónsdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.
Mörður Árnason.
Guðjón Hjörleifsson.
Brynja Magnúsdóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1221
komudagur 15.4.2004



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 15. apríl 2004.

**Nefndasvið Alþingis,**
**Austurstræti 8-10,**
**150 Reykjavík**

**Efni:** Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál

Leitað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ofangreint mál. Án efa eru Þingvellir og umhverfi þeirra eitt merkasta svæði landsins bæði í sögu þjóðarinnar og út frá náttúrufari. Jarðsaga svæðisins setur mark sitt á allt gróður- og dýraríki. Svo er einnig í lífríki vatnsins. Hið mikla lindarvatn sem rennur um vatnasviðið og í gegnum vatnið er einstakt sem og jarðlög á botni vatnsins. Í Þingvallavatni er stórmerkilegt lífríki sem vart á sína hliðstæðu. Það þarf umfram allt að vernda. Þar er að finna nokkur afbrigði bleikju. Þar er stórvaxinn urriði en stofn hans dvínaði við stíflugerð í útfalli vatnsins. Auk þess sem horsíli er í vatninu. Talsverðar rannsóknir hafa farið fram á vatninu og lífríki þess en enn skortir talsvert upp á þekkingu um vatnið og lífríki þess. Nýverið fannst þar ferskvatnsmarfló sem líklegast er ný tegund fyrir heiminn og á sér ættingja í hellum í Evrópu. Sá fundur bendir til að tilurð og þróun ferskvatnslífvera hér á landi geti verið með öðrum hætti en áður hefur verið talið.

Veiðimálastofnun fagnar framkomnu frumvarpi og styður að það verði að lögum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum stækkar. Þingvallanefnd og þjóðgarðsvörður fá aukið svigrúm til aðgerða á svæðinu. Það gefur tækifæri á að auka rannsóknir og miðlun þekkingar á náttúrufari svæðisins til almennings. Þá er jafnframt brýnt að vernda allt vatnasvið Þingvallavatns.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 130/2118
*komudagur* 26.4.2004

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabæ 16. apríl 2004
*Tilvísun: 2004040003*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál**

Óskað var umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 868. mál.

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og fagnar því að staðið verði vel að verndum þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem er afar mikilvægt.

Undirrituð gegnir jafnframt formennsku í *Samráðsnefnd um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins,* sem unnir hefur að tilnefningu Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO. Í því samhengi lýsir undirrituð jafnframt yfir ánægju með frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Með vinsemd og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður

NATIONAL MUSEUM OF ICELAND
*Lyngás 7 · 210 Garðabæ · Iceland · Tel. +354 530 2200 · Fax +354 530 2201 · E-mail natmus@natmus.is*

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2204
komudagur 28/04/04

26. apríl 2004

Til Bjarna Benediktssonar, formanns allsherjanefndar Alþingis.

Sæll Bjarni,

í framhaldi af samtali okkar áðan framsendi ég umsögn mína frá 16. apríl s.l. þar sem Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum og fagnar því að staðið verði vel að verndum þjóðgarðsins.

Sem formaður Samráðsnefndar um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins, vil ég ennfremur greina frá stöðu mála varðandi tilnefningu Þingvallaþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO, sem hefur verið unnið markvisst að síðustu ár.

Þann 1. febrúar 2003 tilnefndi ríkisstjórn Íslands Þingvallaþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO með itarlegri umsókn. Síðan hefur staðið yfir flókið matsferli sérfræðinga á vegum ICOMOS og IUCN (óháðir sérfræðingar frá alþjóðlegum minja- og náttúruverndarsamtökum), sem skilað er til heimsminjaskrifstofu UNESCO (WHC, World Heritage Committee) og ákvörðun er byggð á.

Vonir standa til að tilnefning Þingvallaþjóðgarðs komist í gegnum nálarauga matsferils og verður tekin ákvörðun um samþykki Þingvalla á ársþingi WHC um mánaðamótin júní - júlí n.k. í Kína. Samkvæmt upplýsingum til Samráðsnefndar er mat ICOMOS og IUCN jákvæt.

Ekki er þó hægt að leggja til samþykkt Þingvallaþjóðgarðs á heimsminjaksrá UNESCO ef ekki liggur fyrir verndaráætlun, sem nú er verið að leggja síðustu hönd á, en endanlegur frágangur verndaráætlunar er háður afgreiðslu frumvarps um Þingvallaþjóðgarð. Ef tafir verða á því er hætta á því að afgreiðslu tilnefningar verði frestað um ár!

Mikið metnaðarmál er að Þingvellir verði samþykktir nú á heimsminjaskrá UNESCO þegar 60 ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Þingvöllum. Það mun fela í sér viðurkenningu á því að Þingvallaþjóðgarður sé ,,einstakur staður á jörðinni". Í því mun felast mikil alþjóðleg viðurkenning, sem hafa mun jákvæði áhrif á náttúru- og minjavernd og ferðaþjónustu almennt.

Er óskað eftir því fyrir hönd Samráðsnefndar að afgreiðslu frumvarps verði hraðað eins og kostur er til þess að ekki komi til ársfrestunar á afgreiðslu tilnefningar Þingvallaþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO.

Miklvægt er að frumvarpið verði afgreitt í byrjun maí, þar sem endanleg skil á öllum gögnum verða að hafa boristi WHC, UNESCO í síðasta lagi um miðjan maí.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður